

Föstudaginn 10. janúar 1992.

Nr. 128/1991: **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Júlíusi Petersen Guðjónssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins. Krefst ákærvaldið þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað.

Ákærði krefst aðallega sýknu í málinu, en til vara þess, að refsing verði milduð.

Ákærði festi bifreiðina G-25097 í snjóskafli á leið um þjóðveginn yfir Hellisheiði, en bifreið þessa hafði hann að láni til ferðarinnar. Er hann einn til frásagnar um athafnir sínar fram til þess, að hann gerði tilraun til að losa bifreiðina með aðstoð vitnisins Vernharðs Gunnarssonar. Frásögn ákærða af áfengisneyslu sinni fyrir þann tíma getur ekki talist trúverðug í ljósi þeirra upplýsinga, sem fengust við alkóhólrannsókn, og annarra atvika. Það er og staðhæfing hans eins, að fyrir sér hafi aðeins vakað að færa bifreiðina á öruggari stað við þjóðveginn, og er ekki í ljós leitt, að nauðsyn þess hafi verið brýn. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Júlíusi Petersen Guðjónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. september 1990.

Ár 1990, föstudaginn 28. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 518/1990: Ákærvaldið gegn Júlíusi Petersen Guðjónssyni, sem tekið var til dóms 12. s.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. maí 1990, á hendur ákærða, Júlíusi Petersen Guðjónssyni stórkaupmanni, Kvistalandi 19, Reykjavík, kt. 060134-3089, „fyrir að reyna að aka aðfaranótt föstudagsins 9. febrúar 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G-25097, sem föst var í skafli utan vegar á Helligshéiði í Árnessýslu.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

Niðurstaða.

Í máli þessu liggur fyrir, að ákærði missti stjórn á bifreiðinni G-25097, er hann var einn á ferð um Helligshéiði skömmu eftir miðnætti föstudaginn 9. febrúar síðastliðinn. Hafnaði bifreiðin í snjóskafli utan vegar, svo að afturendi hennar vísaði í átt að akbrautarbrúninni. Þá er ekki deilt um það, að ákærði hóf neyslu áfengis eftir óhappið og drakk næstu klukkustundir u.þ.b. fjórðung úr pelaflösku af vodka, sem hann átti í bifreiðinni. Hefur ákærði gefið þá skýringu á áfengisneyslunni, að sér hafi verið kalt og því dreypt á áfenginu sér til hressingar. Samkvæmt framburði ákærða er einnig ljóst, að hann reyndi síðar um nóttina í tvígang að losa bifreiðina úr snjóskaflinum. Naut ákærði aðstoðar annarra vegfarenda, sem reyndu að draga bifreið hans út úr skaflinum, en á meðan sat ákærði undir stýri bifreiðarinnar með aflvélina í gangi og reyndi að bakka henni út úr snjónum. Þrátt fyrir þessar tilraunir haggðist bifreiðin ekki. Hefur ákærði fullvirt, að hann hafi ekki haft í hyggju að aka bifreiðinni til Reykjavíkur, heldur aðeins ganga tryggilega frá henni, svo að hún ylli ekki hættu fyrir umferð.

Sannað er með framburði ákærða og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði hefur greint sinn reynt að aka bifreiðinni G-25097, svo sem honum er gefið að sök í ákæru, þrátt

fyrir það að hann hefði áður neytt áfengis og væri sökum þess ekki hæfur til að stjórna ökutæki örugglega. Hefur ákærði með þessari háttsemi gerst brotlegur við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Þykja hvatir þær, sem ákærði ber, að búið hafi að baki háttseminni, ekki vera með þeim hætti, að leysi ákærða undan refsíabyrgð, svo sem aðstæðum var háttáð á vettvangi umrædda nótt.

— — —

[Samkvæmt sakavottorði sættist ákærði 1988 á greiðslu sektar og sviptingu ökuleyfis eitt ár fyrir ölvunarakstur og 1989 á greiðslu sektar og sviptingu ökuleyfis einn mánuð fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga. Áður hafði ákærði 13 sinnum sæst á sektargreiðslu, þar á meðal 8 sinnum fyrir umferðarbrot.]

Refsing og önnur viðurlög.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiða skal innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Fallist er á kröfu ákæruvaldsins um sviptingu ökuréttinda. Þar sem ákærði hefur nú margsinnis brotið gegn ákvæðum 45. gr. umferðarlaga, ber með vísan til 101. og 102. gr. laganna að svipta hann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja. Samkvæmt 104. gr. sömu laga, sbr. 178. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gissurar V. Kristjánssonar hdl., 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Júlíus Petersen Guðjónsson, greiði 40.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í tvö ár frá dómsuppkvaðningu að telja, og frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gissurar V. Kristjánssonar hdl., 30.000 krónur.